

M-11/2011 Álit 31. janúar 2011

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 31. janúar 2011 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-11/2011:

I

Hinn 19. janúar sl. bað X, kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa um álit vegna gjalddtöku fyrirtækisins Y en samkvæmt gögnum málsins mun Z hf. vera eigandi viðkomandi kröfu sem álitsbeiðandi segist ekki eiga að greiða. Það sem kemur fram í álitsbeiðni verður að skilja svo að álitsbeiðandi krefjist þess að krafa þessi verði felld niður. Þá kveðst álitsbeiðandi „kæra“ fyrirtækin A, löginneimtu og B. Höfuðstóll kröfunnar er kr. 2.812 en í bréfi A, löginneimtu, dags. 18. nóvember 2010, er álitsbeiðandi krafinn um dráttarvexti og innheimtuþóknun til viðbótar og nemur krafan á þessum tíma kr. 9.572. Í álitsbeiðni segir m.a. svo:

„Málavextir eru þeir að ég hafði tiltekna skráningu í símaskrá árið 2000 en flutti það ár um haustið til útlanda í eitt ár – endurnýjaði ekki skráninguna. Svo flutti ég aftur til útlanda árið 2005 og dvaldist erlendis til haustsins 2010 – og endurnýjaði aldrei skráninguna. Þá ber svo við síðast liðið haust að til mín fer að berast innheimta vegna skráningar í símaskrá (sem ég hef ekki beðið um frá árinu 2000) og svo ítrekuð innheimta frá „B“ og svo allt í einu frá „A.“ Ég hef skrifað „A“ en fékk bréfið endursent ásamt afriti af reikningi frá ofangreindu fyrirtæki.

Rök mín eru þau að ég hef ekki beðið um þessa þjónustu og kannast ekki við að reynd hafi innheimta hjá mér vegna hennar fyrr en nú árið 2010 frá árinu 2000, eða engar innheimtutilraunir í tíu ár. Það stríðir gegn réttarvitund minni að umrætt fyrirtæki geti túlkað eina skráningu í símaskrá sem æviáskrift mína, nema ég segi mig frá símaskránni.“

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt lögum nr. 87/2006 geta aðilar sem greinir á um réttindi sín og skyldur í kaupum samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup eða lögum nr. 48/2003 um neytendakaup snúið sér til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið. Valdsvið kæruneftndarinnar nær því ekki til að gefa álit á ágreiningi sem ekki fellur undir framangreind lög.

Þau viðskipti sem álitsbeiðandi átti við Y eða Z hf., og að framan er lýst, falla hvorki undir lög um lausafjárkaup né neytendakaup, þar sem ekki er um að ræða gjalddtöku eða kaupverð fyrir hlut.

Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er gildissvið laganna skilgreint. Þar segir í 1. gr.:

Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjarmuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjarmunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.

Af skilgreiningu þessari er ljóst að viðskipti þau sem álitsbeiðnin nær til falla ekki undir gildissvið laga nr. 42/2000 sem leiðir aftur til þess að kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur ekki vald til þess samkvæmt þeim lögum sem hún starfar eftir að gefa álit eins og álitsbeiðandi óskar eftir.

Niðurstaða kærunefndarinnar er því sú að samkvæmt framansögðu, og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa, verði að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni.

II

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Friðgeir Björnsson
formaður

Ólafur R. Guðmundsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir